

111. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
5. 2. 2020 kl. 8:15 – 9:45

Fundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Vilhjálmur Magnússon, Ragnhildur Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Þorvarður Árnason og Huguín Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Hrafnkell Guðnason, Bjarni Guðmundsson, Olga Ingólfssdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Kristín Hermannsdóttir og Karl Friðriksson

1. Verkefnaumsóknir NP

Huguín Harpa sagði frá því að setrið er þátttakandi í að minnst þremur verkefnaumsóknum til Erasmus+. Einnig eru í skoðun tvær aðrar mögulegar umsóknir í sama sjóð. Þá sótti setrið um styrk í loftslagssjóð fyrir ungmennaráðstefnu um loftslagsmál sem ráðgert er að halda í september hljóti verkefnið styrk.

2. Dagpeningar á ferðum erlendis

Huguín Harpa ræddi fyrirkomulag á ferðum starfsmanna á verkefnafundum erlendis og lagði til að greiða starfsfólki dagpeninga á ferðum erlendis. Stjórn er sammála því að greiða hér eftir dagpeninga vegna fæðiskostnaðar á vinnudögum erlendis. Gisting og ferðakostnaður er greiddur af setrinu.

3. Stefnumörkun NP

Farið var yfir drög að stefnumörkun setursins fyrir árin 2020-2024. Forstöðumanni falið að vinna að lokafrágangi stefnumörkunar í samræmi við umræður fundarins. Stefnt er að því að leggja stefnumörkun fram til samþykktar stjórnar á næsta fundi.

4. Loftgæði í Nýheimum

Huguín Harpa sagði frá því að starfsfólk í Nýheimum hafi kvartað undan loftgæðum í húsinu. Forstöðumanni falið að hafa samband við umsjónamann fasteigna vegna málsins.

5. Önnur mál

Huguín Harpa greindi frá því að ársfundur Nýheima þekkingarseturs verður haldinn 1. apríl.

Huguín Harpa minnti á kynningarfundinn sem verður þann 12. febrúar um niðurstöður íbúakönnunar í tengslum við verkefnið „Sjálfbærir bæir“. Gestum verður boðið að skoða skipulagstillögu í sýndarveruleika.

Huguín Harpa minnti á húsfund Nýheima sem haldinn verður 20. febrúar á Nýtorgi. Húsreglur hafa verið sendar í tölvupósti til allra starfsmanna í húsinu en þær verða meðal annars til umræðu á fundinum.

Fundi slitið klukkan 10:00

Eyrún H. Ævarsdóttir
Huguín Harpa Reynisdóttir